



## Á bak við tjöldin:

*Viðtal við konurnar á bak við hláðvarpið sem varpar ljósi á ósýnilegar hetjur skapandi greina*

### 1. Hvernig kynntust þið?

#### **Helena:**

Við kynntumst allar í náminu í skapandi greinum við Háskólann á Bifröst. Það sem var svo fallett við þetta samstarf er að við komum allar með ólíkan bakgrunn, en deilum ástríðu fyrir listum og réttlætismálum. Þetta verkefni fæddist í námskeiðinu *Hlutverk mitt í lífinu* hjá Önnu Hildi Hildibrandsdóttur þar sem lokaverkefnið var einfaldlega að koma með hugmynd að hátíð, framleiðslu eða öðru menningartengdu efni.

#### **Karen:**

Já við fórum að ræða hvað okkur fannst vanta í umræðuna sýnileika fyrir þær sem vinna á bak við tjöldin og upprunalega hugmyndin var að gera einhverskonar stuttmynd um fólkið á bakvið tjöldin en niðurstaðan var svo að velja eitthvað sem væri í rauninni framkvæmanlegt fyrir okkur þar sem reynsla og hæfileikar okkar allra myndu njóta sín best.

#### **Klara:**

Við þekkjum það allar af eigin reynslu hvað það er mikil skekkja í þessum bransa þegar kemur að tækifærum og hvernig þau skiptast á milli kynja. Án þess að fara búa til APA eða heimildarvandræði fyrir þetta viðtal að þá staðfesta rannsóknir þetta líka!

*(Allar hlæja)*

#### **Agla:**



Ég er búin að APA yfir mig í þessari lotu.

**Klara:**

En já svo þegar við fengum tækifæri til að vinna að lokaverkefni í námskeiðinu *Frá hugmynd til framkvæmdar*, þá var það eiginlega sjálfgefið að nota þessa hugmynd og blása lífi í hana.

**Bryndís:**

Við ákváðum hreinlega að sameina krafta okkar og búa til eitthvað sem við sjálfar myndum vilja hlusta á og mögulega eitthvað sem við vissum að fleiri myndu tengja við. Sérstaklega samnemendur okkar í skapandi greinum náminu á Bifröst.

**Helena:**

Það er búið að vera frábært hvað svona margir aðrir fyrir utan Bifröst hafa sýnt þessu áhuga og viljað hlusta.

## 2. Hvernig mynduð þið lýsa náminu í skapandi greinum og hvernig hefur það haft áhrif á þessa vegferð ykkar?

**Karen:**

Námið er hefur verið ótrúlega fjölbreytt og gefandi. Það er bæði fræðilegt og verklegt en um leið ótrúlega “inspiring”. Þú lærir um menningarstefnur, viðskipta- og praktísku hliðina og færð að prófa að framkvæma hugmyndir í hópum sem gefur mjög raunhæfa reynslu út í atvinnulífið.

**Klara:**

Það hefur verið sérstaklega valdeflandi fyrir mig að fara í gegnum námskeið eins og hagnýtan höfundarrétt sem er kenndur af doctor Rán Ingvarsdóttur og fá dýpri innsýn í íslensk höfundalög. Við fórum í aðferðafræði fyrir jól sem ég, í sannleika sagt, bjóst við að yrði drepleiðinlegt, en það var svo vel upp sett og áhugavert að ég kom út úr því með mikinn áhuga á rannsóknum í þessum greinum.



### **Agla:**

Það sem mér finnst líka svo einstakt við þetta nám er hve mikil áhersla er lögð á samvinnu og að nýta eigin rödd og sjónarhorn. Við fengum pláss til að ræða feminisma, fjölbreytileika og aðgengi í öllum námskeiðum og það ýtti undir að við vildum skapa eitthvað með raunverulegu samfélagslegu gildi.

### **Bryndís:**

Já það gerir þetta svo að svo miklu skýrari og lærdómsríkari reynslu að fá að taka verkefni áfram og vinna þau í fleirum en einu námskeiði. Við gátum til dæmis unnið þetta verkefni sem varð til í námskeiði fyrir jóla, áfram í *Frá hugmynd til framkvæmdar* og svo líka gera fjárfestakynningu á þessu verkefni í skemmtilega áfanganum hennar Sirrýar.

### **Agla:**

Með sól í bringu allan tímann!

*(Allar slá í bringuna og blæja)*

## **3. Hversu marga þætti eruð þið búnar að gera og hverju megum við búast við á næstu vikum og mánuðum?**

### **Bryndís:**

Við erum búnar að gefa út þrjá þætti og fengið til okkar svo skemmtilega gesti. Við byrjuðum á tónlistar- og viðburðastjórnun, förum síðan í sviðslistir, hinsegin jazz og kvármenningu á Íslandi og þriðji þáttur fjallaði um inngildingu Döfð fólks á Íslandi í sviðslistir og skapandi greinar. Næstu tveir þættir koma út í lok maí og við munum tilkynna næstu gesti fljótlega.

### **Agla:**



Dú myndir ekki trúa hvað það eru margar konur og kvár sem halda þessu öllu gangandi en fá oft ekki almennilegt kredit. Við vissum að þetta væri stór hópur en það er búið að vera galið að fara yfir þetta og fá ábendingar um svona mikið af flottu og hæfileikaríku fólki.

**Helena:**

Við erum búnar að vera velta fyrir okkur nýjum leiðum við framleiðsluna og ætlum að skoða það að fara með hlaðvarpið á vettvang. Mögulega vera með þátt í beinni á viðburði í sumar þar sem við fáum gesti til okkar og gefum áhorfendum tækifæri til að spyrja beint. Við sjáum þetta allt saman sem langtímaverkefni og stefnum á fleiri sérir.

#### 4. Segið okkur aðeins nánar frá ykkar bakgrunni?

**Helena:**

Ég lærði leiklist í Los Angeles við The American Academy of Dramatic Arts. Eftir heimkomu í Covid byrjaði ég að skrifa handrit sem leiddi mig inn í kvímyndageirann þar sem ég til að mynda framleiddi og skrifaði stuttmynd sem styrkt var af Kvíkmyndasjóði. Samhliða þessu hef ég gefið út tónlist. Ég legg nú stund við framleiðslu bæði kvíkmynda og sviðsverka samhliða leik- og tónlistinni og þykir gaman að hafa tækifæri til að vinna ólík og fjölbreytt verkefni.

**Klara:**

Ég er söngkona og lagahöfundur og hef mikið unnið allan minn feril í hljóðverum, við útgáfu og einnig að listrænni stjórnun og sjónrænum hluta verkefna. Ég hef jafnframt unnið mikið með ungmennum í listamiðuðu starfi, bæði í félagsmiðstöðvum og listanámskeiðum. Reynsla mín þaðan er innblásturinn fyrir mig persónulega að vilja gera hlaðvarpið að rödd sem sýnir unga fólkinu að það eru endalaus tækifæri í listum og skapandi greinum, líka þau sem liggja ekki beint við. Og þó að ég hafi mikið verið á sviðinu sjálfu hef ég eytt síðasta áratug í að semja fyrir annað listafólk svo ég þekki “behind the scenes” vinnuna vel.



### **Karen Rut:**

Frá blautu barnsbeini hef ég alltaf haft mikinn áhuga á sviðslistum, leiklist og tónlist. Ég æfði mig að syngja inn í fataskáp þegar að ég var lítil og þá var ekki aftur snúið. Ég tók þátt í Jólástjörnu Björgvins um árið, stundaði nám við Söng- og leiklistarskólann í Borgarleikhúsið, fór síðan að kenna þar og þaðan lágu leiðir mínar inn í Verzlunarskóla Íslands á Nýsköpunar- og listabraut. Í Verzló, tók ég þátt í Nemó söngleiknum öll mín ár, ásamt því að vera einu sinni í leikhóp Listafélagsins, eins kynnti ég Vælið í Eldborgarsal Hörpu sem er söngvakeppni skólans. Frá útskrift hef ég tekið þátt í minni verkefnum á borð við kvikmyndir, auglýsingar og þætti. Ég hef starfað sem sölu- og þjónusturáðgjafi hjá Sjóvá frá árinu 2021. Þar sinni ég einnig verkefnum á borð við vörubróun, stefnumótun og sit í stjórn starfsmannafélagsins.

### **Bryndís:**

Ég hef verið umkringd tónlist og sviðslistum síðan ég man eftir mér. Ég ólst upp með óperusöngvara sem föður og hef verið syngjandi upp á sviði síðan ég var fimm ára. Ég lauk söngnámi hjá Söngskóla Sigurðar Demetz og flutti svo til Bandaríkjana þar sem ég útskrifaðist úr söngnámi frá University of the Pacific í Kaliforníu. Ég hef síðan þá fengið tækifæri að syngja bæði erlendis og hér heima. Hinsvegar hef ég síðastliðin ár verið að þróa ástríðu mína fyrir framleiðslu sviðslista, leikstjórn og sviðslistahönnun sérstaklega í klassíska geiranum. Ég hef tekið að mér ýmis verkefni “bakvið tjöldin” í td. sýningum Hörpu, Hljómahöll og Borgarleikhússins og ég vona að nýta minn bakgrunn til að skapa enn fleiri tækifæri fyrir klassíska listamenn á Íslandi.

### **Agla:**

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á leiklist og tónlist og útskrifaðist úr Verzlunarskóla Íslands árið 2020 af Nýsköpunar- og listabraut, og hef síðan þá unnið í leikhúsi, talsetningu og við kennslu. Leiklistin hefur alltaf átt hug minn allan og hef ég verið í Leikhússkóla Þjóðleikhússins samhliða náminu á Bifröst. Í haust byrja ég í leikaranámi í LHÍ sem hefur verið draumurinn lengi. Ég hef undanfarið verið að semja og gefa út singer-songwriter pop tónlist eftir mig undir listamannsnafninu AGLA. Ég elska að vera á



sviði og vinna með öðrum skapandi einstaklingum, svo þetta hlaðvarp hefur verið mjög skemmtilegt verkefni.

## 5. Og smá aukaspurning í lokin. Hvers vegna völduð þið að fara í námið í skapandi greinum?

### Klara:

Mig langaði fyrst og fremst að dýpka þekkingu mína á þessum geira, sérstaklega þar sem ég hef mikla reynslu úr tónlistarbransanum. Ég sá námið sem skref í átt að því að geta unnið meira með ungu skapandi fólki og stuðlað að meiri samvinnu í tónlistarsköpun á Íslandi. Eitthvað sem ég hefði aldrei séð fyrir mér, er að það hefur meira að segja kviknað hjá mér áhugi á rannsóknum í félagsvísindum. En það er kannski fyrst og fremst því ég trúi því að framtíðin liggi í því að þróa lagasmíðar á Íslandi sem meðvitaða útflutningsvöru eins og tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum og stærri mörkuðum. Til þess þurfum við fjármagn, og til að sannfæra þau sem veita styrki og stýra peningunum til að styðja þessa þróun, þurfum við rannsóknir og gögn sem sýna fram á mikilvægi sköpunar og menningar fyrir samfélagið.

### Karen Rut:

Ég man þegar að ég sá námið fyrst auglýst og hugsaði með mér „loksins er komið eitthvað fyrir þá sem vilja öðlast innsýn inn í fjölbreytileikann við skapandi greinar á Íslandi!“. Við viljum ekki öll fara í sálfræði, lögfræði eða viðskiptafræði. Við erum mörg sem höfum áhuga á listum, en á sama skapi viljum kannski ekki leggja eina leið fyrir okkur eins og leikarann eða sviðshöfundinn. Þetta nám býður upp á svo fjölbreytta innsýn inn í þennan stóra geira á Íslandi og gefur okkur sem þar stundum nám, víðtæka



innsýn inn í það sem við höfum áhuga á. Þú þarft ekki endilega að leggja fyrir þig tónlist, leiklist eða myndlist, þú færð smá af öllu og þekkingu á því sem snýr að öllu í kringum þessa þætti. Námið er með „smá af öllu” og gefur okkur reynslu og þekkingu á svo mörgu sem snýr að því að koma sér á framfæri, selja vöruna sína og láta verða að hugmyndinni. Námið mun ávallt nýtast manni, óháð því hvað það verður sem að maður á endanum leggur sér fyrir. Eins er mikilvægt að bjóða upp á fjarnám af þessum toga, því oftast er ekki fólk sem hefur áhuga á námi sem þessu með marga bolta á lofti.

### **Helena:**

Ég hef alltaf haft gaman af því að framleiða listræn verkefni en taldi mig hafa gott af menntun sem gæti aðstoðað mig við að dýpka þekkingu mína á öllu því sem til þarf til að verkefnastýra skapandi verkefnum. Vinkona mín og samstarfskona, Rósa Björk Ásmundsdóttir, er á öðru ári í Skapandi greinum og mælti með náminu. Ég ákvað svo að slá til og er mjög glöð að ég gerði það.

### **Klara:**

Það kom mér líka reyndar ótrúlega skemmtilega á óvart hvað nemendahópurinn er fjölbreyttur. Hér er fólk á öllum aldri og með mismunandi bakgrunn. Við í hlaðvarpinu erum gott dæmi um þetta. Það hefur líka verið besti bónusinn í náminu. Að eignast þessar vinkonur og samstarfskonur.

### **Bryndís:**

Síðastliðin ár hefur mig langað að öðlast meiri þekkingu á listrænni stjórnun og þróun menningarlífsins á Íslandi. Aðalástæðan að ég valdi Skapandi greinar var löngunin til að byggja þennan grunn og þessa þekkingu til að verða betri og öruggari listakona og listrænn stjórnandi. Það sem ég var ekki að búast við var þessi mögnuðu tengsl sem þróuðust í náminu. Eins og þessi hópur listakvenna, með okkar mismunandi bakgrunni. Það er svo margt sem ég hef lært frá þeim og það er svo dýrmætur partur af náminu.



### **Agla:**

Ég valdi skapandi greinar því ég er sjálfstætt starfandi listakona langaði að dýpka þekkinguna mína á því sviði. Ég vildi fá betri innsýn í hvernig maður getur staðið faglega að eigin verkefnum og unnið í skapandi greinum til lengri tíma. Þetta nám hjálpar mér að efla mig bæði sem listamann og í því að vinna sjálfstætt á þessum vettvangi. Ég er mikið félagsfiðrildi og oft með marga bolta á lofti í einu svo fjarnám hentaði mér vel. Að geta stjórnað tímanum mínum að mestu leyti sjálf fannst mér virka vel með öðrum skapandi verkefnum.

**MYNDIR SEM MÁ NOTA Í GREIN**

**SPOTIFY**

**SAMFÉLAGSMÍÐLAR**